

Miðvikudaginn 8. desember 1937.

Nr. 124/1937. Réttvísinn og valdstjórnin

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Einari Pálma Einarssyni

(Einar B. Guðmundsson)

og

Valdstjórnin (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Þórarni Helga Jónssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Brot samkvæmt 10. gr. laga nr. 51/1928 og áfengislagabrot.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. sept. 1937: Ákærður, Einar Pálmi Einarsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga.

Hann greiði og 300 króna sekt til menningarsjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 25 daga.

Kærður, Þórarinn Helgi Jónsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 15 daga.

Hann greiði og 1000 króna sekt til menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 55 daga.

Kærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einar Baldvins Guðmundssonar, kr. 60.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærðir skulu in solidum greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækj-

anda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Dómfelldu, Einar Pálmi Einarsson og Þórarinn Helgi Jónsson, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Einars B. Guðmundssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

I.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Einari Pálma Einarssyni verkamanni, sem nú er heimilislaus hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 51 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, og áfengislögum nr. 33 1935, og af valdstjórnarinnar hálfu gegn Þórarni Helga Jónssyni verkamanni, til heimilis Bakkastíg 14 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935.

Ákærður, Einar Pálmi Einarson, er fæddur 3. apríl 1898 að Kirkjubrú í Bessastaðahreppi. Hann hefir sætt þeim kærnum og refsingum, sem hér segir:

1929	$\frac{1}{2}\%$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930	$\frac{3}{8}\%$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930	$\frac{1}{4}\%$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1930	$\frac{1}{8}\%$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1931	$\frac{1}{4}\%$	Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1931 $\frac{3}{8}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir áflog á almannafæri.
- 1932 $\frac{2}{3}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1933 $\frac{1}{6}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1934 $\frac{1}{2}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1934 $\frac{9}{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi skilorðsbundið fyrir þjófnað.
- 1934 $\frac{1}{6}$ Sætt 500 kr. sekt fyrir áfengissölu.
- 1934 $\frac{2}{16}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
- 1934 $\frac{2}{8}$ Sætt 200 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
- 1934 $\frac{2}{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað.
- 1934 $\frac{3}{12}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $\frac{1}{4}$ Dómur hæstaréttar, 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 10. gr. laga nr. 51 1928.
- 1935 $\frac{3}{6}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1935 $\frac{2}{9}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 300 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri, staðfest í hæstarétti $\frac{2}{6}$ 1936.
- 1935 $\frac{18}{11}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1936 $\frac{2}{1}$ Dómur hæstaréttar, 300 kr. sekt fyrir brot gegn 18. sbr. 38. gr. laga nr. 33 1935 og 7. og 9. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1936 $\frac{2}{6}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1936 $\frac{3}{8}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937 $\frac{1}{4}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937 $\frac{2}{4}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1937 $\frac{2}{8}$ Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- Kærður, Þórarinn Helgi Jónsson, er fæddur 8. janúar 1913 á Ytri-Rauðamel í Eyjahreppi. Hann hefir áður sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:
- 1925 $\frac{2}{3}$ Kærður fyrir þjófnað. Málið afgreitt til dómara.
- 1925 $\frac{3}{3}$ Kærður fyrir grjótkast og rúðubrot. Málið afgreitt til dómara.
- 1925 $\frac{2}{4}$ Sætti áminningu lögreglunnar fyrir óknytti.
- 1932 $\frac{9}{1}$ Sætt 10 kr. sekt fyrir lögreglubrot.
- 1932 $\frac{1}{3}$ Sætt 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1933 $\frac{11}{6}$ Sætt 200 kr. sekt fyrir ólöglegt áfengi í vörzlu.
- 1934 $\frac{18}{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 mánaða fang-

elsi við venjulegt fangaviðurværi skilorðsbundið fyrir gripdeild.

1935 $1\frac{1}{3}$ Dómur sama réttar, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað. Staðfest i hæstarétti $1\frac{1}{10}$ 1935.

II.

Föstudaginn 3. þ. m. handtók Lárus Salomonsson lög-
regluþjónn ákærðan, Einar Pálma, þar sem hann var mjög
ölvaður í Hafnarstræti. Fylgdi lögregluþjónninn honum í
Lækjargötu 8, en þar taldi hann sig eiga heima. Lög-
regluþjónninn veitti þar athygli miklum birgðum af
brennivíni, og taldi ákærður sig eiganda þess. Síðar um
kvöldið var í tilefni af þessu gerð húsrannsókn í herberg-
inu, og fundust þar þá 23 heilflöskur og 8 pelar af brenni-
víni.

Við yfirheyrslu eftir að rann af ákærðum upplýsti hann,
að herbergi það, er hann var fluttur í í Lækjargötu 8,
væri leigt af kærðum, Þórarni Helga, og hann hefði aðeins
lofað ákærðum að sofa þar við og við. Hann neitaði og að
vera eigandi áfengis þess, er í herberginu fannst. Enn-
fremur neitaði hann eindregið að hafa fengið við sölu
áfengis.

Með tilliti til fortíðar sinnar var ákærður látinn gera
grein fyrir högum sínum og af hverju hann hefði fram-
færslu. Hann skýrði svo frá, að undanfarin 2 ár hefði
hann unnið við skósmíði hjá Kjartani Árnasyni skósmíð,
og síðar, er Kjartan seldi vinnustofu sína, hjá eftirmanni
hans. Jens Sveinssyni. Þar kveðst hann hafa fengið greitt
kaup eftir afköstum og eftir því, hvað mikið var að gera,
8—10 krónur á dag fyrir fullan vinnutíma.

Kjartan Árnason dvelur nú á heilsuhæli, og hefir því
ekki orðið leiddur sem vitni í málinu. Jens Sveinsson hefir
aftur á móti fyrir rétti staðfest þessa frásögn ákærðs.
Vitnið keypti skóverkstæðið af Kjartani og tók við því
síðustu dagana í marz s. l. Vann þá ákærður á verkstæð-
inu og hélt því áfram í rúman mánuð. Hefir vitnið full-
yrt, að hann hafi verið hættur að vinna hjá sér fyrir 14.
maí. Ákærður fór þaðan með þeim hætti, að hann lét sig
vanta í 4—5 daga, þegar vitnið þurfti á honum að halda,

og varð það því að fá sér nýjan mann. Vitnið greiddi honum jafnan að kvöldi vinnulaun dagsins, og var það mest 7—8 krónur á dag. Hefir vitnið talið, að kaup hans hafi ekki farið fram úr 150 krónum þennan tíma, sem hann vann hjá sér.

Fyrir framfærslu sinni, eftir að hann fór af skóverkstæðinu, hefir ákærður gert þá grein, að hann hafi lifað á peningum, sem hann hafi sparað saman, og námu um 600 krónum. Fyrir þessum peningum hefir hann þó enga sennilega grein getað gert, heldur svarað vífilengjum einum.

Er frásögn hans um þetta efni bókuð svo í réttarbókinni:

„Mættur er þá spurður, á hverju hann hafi lifað síðan hann fór af skóverkstæðinu í vor, og svarar hann því svo, að hann hafi lifað af peningum, sem hann þá hafi lagt upp og námu 600 krónum. Hann er spurður að því, hve mikið hann eigi eftir af þeim peningum nú, og kveðst hann ekki muna það. Hann er spurður að því, hvar þeir peningar, sem hann eigi eftir, séu geymdir, og kveðst hann ekki muna það. Hann er spurður að því, hvar þeir peningar, sem hann eigi eftir, séu geymdir, og kveðst hann ekki gefa það upp. Hann er spurður, hvar hann hafi geymt þessar 600 krónur og hvort hann hafi lagt þær á sparisjóð. Hann segist ekki hafa átt peningana í sparisjóði, heldur geymt þá í vösum sínum. Mættum er þá bent á, að þegar hann var handtekinn, hafi hann aðeins haft 2 krónur í vösum sínum, og hann spurður að því, hve nær hann hafi hætt að geyma peningana í vösunum. Hann svarar því svo, að hann gangi með peningana á sér annað slagið.“

Aftur á móti hefir ákærður viðurkennt að hafa ekki unnið síðan hann fór af skóverkstæðinu, eða haft tekjur.

Samkvæmt þessum svörum ákærðs verður ekki talið, að honum hafi tekizt að gera grein fyrir framfærslu sinni og færa rök að. Ber því að dæma hann eftir 10. gr. laga nr. 51 1928, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga. Ennfremur ber að dæma hann eftir 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 1935 fyrir ölvun á almannafæri, og þykir refsing hans fyrir það hæfilega ákveðin 300 króna sekt til menningarsjóðs, er aflánist með 25 daga einföldu fangelsi, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

III.

Kærður, Þórarinn Helgi Jónsson, viðurkenndi að vera eigandi að áðurtöldu áfengi, sem fannst í herberginu Lækjargötu 8. Hann hefir játað að hafa fengizt við áfengis-sölu síðan á síðastliðnu hausti. Hefir hann þennan tíma verið atvinnulaus. Áfengið hefir hann selt hinum og þessum, og aðalsalan verið um helgar. Áfengið hefir hann keypt í Áfengisverzlun ríkisins og lagt 2 krónur á brennivinsflöskuna.

Með þessu þykir kærður hafa gerzt sekur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaga nr. 33 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 króna sekt til menningarsjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 55 daga.

Allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars Baldvins Guðmundssonar hrm., er ákveðast kr. 60.00, greiði kærðir in solidum.

Málið hefir verið rekið vitalaust.

Miðvikudaginn 8. desember 1937.

Nr. 35/1936. **Halldór Guðmundsson**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Jóni Jóhannssyni

(Garðar Þorsteinsson)

Ómerking málsmeðferðar og dóms í héraði og fjárnáms samkvæmt honum.

Dómur sjóréttar Siglufjarðar 5. okt. 1935: Stefndur, Halldór Guðmundsson, útgerðarmaður Siglufirði, greiði stefnandanum, Jóni Jóhannssyni, útgerðarmanni Siglufirði, 1000 kr. og 100 kr. í málskostnað, og hafi stefnandi sjóveðrétt í v/b Elinu fyrir upphæðum þessum.

Híð idæmda að greiða innan 3 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.